

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, nr. 502/2012.

1. gr.

Í stað orðsins „Innanríkisráðherra“ í 7. og 8. gr. reglugerðarinnar kemur: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Að ósk viðkomandi sveitarfélags er eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skylt við útreikning á afkomu og fjárhagsstöðu þess skv. 13. og 14. gr. að undanskilja tekjur, útgjöld, eignir, skuldir og skuldbindingar sem hljóttast af eignarhlutum þess í veitu- og orkufyrirtækjum, enda verði það fyrir umtalsvert meiri útgjöldum og/eða beri umtalsvert meiri skuldir en annars væri vegna eignarhlutanna.

Ákvæði 1. mgr. fellur úr gildi 1. janúar 2022.

3. gr.

3. töluliður 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Draga skal veltufjármuni frá heildarskulddum og skuldbindingum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 64. gr. og 81. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 23. apríl 2018.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.